

Ágætu ráðstefnugestir

Sjórinn, með einhverjum hætti, hefur alltaf verið mitt viðfangsefni. Ég byrjaði 13 ára gamall í Netagerðinni sem var á Vesturgötunni. Mitt nám snérist allt um fisk, og sem stjórnmalamaður man ég ekki það þing sem ég hef setið þar sem helstu átakamálin hafa ekki verið með einum eða öðrum hætti full af saltstorku og sjó. Í dag er ég utanríkisráðherra sem er að heita má dag hvern með fangið fullt af makríl – fyrir utan að éta hann tvisvar í viku.

Meðan ég var yngri sá ég mér farborða meðfram skóla með því að stunda sjó, frá öllum landshornum. Ég var sextán ára á hinni frægu Guðbjörgu ÍS með Ásgeiri Guðbjartssyni, var á síld í Norðursjónum, hófst til þeirra mannvirðinga að vera pokamaður á Jökli ÞH 299 og

Í mínu lífi hefur því sjórinn og það sem í honum syndir alltaf verið nálægur. Það sama gildir um okkur sem þjóð. Sjávarútvegurinn hefur alltaf verið rauði þráðurinn í því góða samfélagi sem okkur hefur saman tekist að búa til hér á hjara veraldar. Þetta skulum við hafa hugfast. Alveg einsog sjórinn hefur verið vot gröf fjölmörgum íslenskum sjómönnum í gegnum alla okkar sögu, þá hefur hann líka reynst það bjargræði sem hefur á stundum verið okkar eina haldreipi, það eina sem hélt lífinu í fátækri þjóð, þegar óáran og náttúruhamfarir steypust yfir. Hann hefur líka bjargað okkur úr þeirri neyð sem hamfarir af mannavöldum hafa yfir okkur steyp, því það var sjávarútvegurinn sem gerði íslensku þjóðinni kleift að rífa sig upp

Þegar bankarnir lögðust á hliðina, og yfir okkur dundu fjárhagslegar hörmungar meiri en nokkurn óraði fyrir að gæti gerst.

Fyrir það ber að þakka sjávarútveginum, öllum þeim sem honum tengjast með einhverjum hætti, sjómönnum, útgerðarmönnum, þeim sem vinna aflann, þeim sem tengjast þjónustu við greinina. Þetta fólk er salt Íslands.

Í dag er bjart yfir sjávarútveginum. Fréttir af afkomu og umhverfi í hafinu eru allar góðar.

Rekstrarlega hefur sjávarútvegurinn ekki lifað önnur eins ár og hin síðustu. Það gladdi mig sérstaklega að lesa fréttatilkynningu Samherja, eins öflugasta útgerðarfyrirtækis í heiminum, núna í síðustu viku þar sem menn sögðu hlutina einsog þeir eru, orðrétt: “Um er að ræða bestu afkomu í sögu samstæðunnar.” Það sama er uppi á teningnum hjá öllum vel reknum fyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi.

Þetta birtist t.d. í því að sjávarútvegurinn er aftur farinn að fjárfesta duglega. Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofunnar er bent á að aukin fjárfesting í atvinnustarfsemi sé m.a. borin uppi af fjárfestingu í sjávarútvegi. Mér telst til, svo staldrað sé við höfuðtölur úr fréttum eingöngu, að frá miðju síðasta ári hafi greinin fjárfest fyrir u.þ.b. 35-40 milljarða.

Á sama tíma hefur sjávarútvegurinn svo líka verið að greiða skuldir sínar niður af miklu kappi. Þannig hefur þessi mikilvæga atvinnugrein nýtt vel og skynsamlega þau tækifæri sem hagstætt umhverfi hefur

skapað henni síðustu árin, jafnt í að fjárfesta duglega, um leið og hún hefur markvisst þjappað niður skuldastabbann. Þetta eru frábærar fréttir. Það er ekki hægt að líta á þetta öðru vísi en svo, að innan greinarinnar séu menn að sýna það með ákvörðunum sínum að þeir meta það svo að framtíðin sé bjartari en oft áður.

Það helst svo auðvitað í hendur við það, að tíðindin úr hafinu sjálfu eru afar góð. Það eru uppgrip í makríl, loðnan er komin aftur, og íslenska síldin er að kasta pestinni sem hrjáði hana.

Bestu tíðindin eru kannski þau, að þorskurinn, sem er svo mikilvæg smurning á gagnvirki samfélagsins, er líka á sígandi uppleið. Það var bætt við kvótann á yfirstandandi fiskveiðiári. Ekkert bendir til annars en það verði líka gert á komandi árum. Við erum aftur farin að sjá sterka árganga koma fram ár eftir ár. Stóri, eldri fiskurinn, sem mestu skiptir fyrir hrygninguna, er líka aftur kominn inn í aflann. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að innan fimm ára verði þorskkvótinn kominn í 250 þúsund tonn – að óbreyttu umhverfi í hafinu.

Greinin er líka full af sköpunarkrafti. Þessi sköpunarkraftur var í gadda sleginn í niðurstöðum KcKinsey skýrslunnar sem birtist í síðustu viku. Þar kemur fram svart á hvítu, að hvergi á gervöllu jarðríki ná menn eins miklum verðmætum út úr hverju veiddu kíló af sjávarfangi og á Íslandi. Þar kemur tvennt til: Reynsla ykkar í greininni og stöðug áhersla á gæðin, en líka nýsköpunin sem hvarvetna er alltaf í gangi í íslenskum sjávarútvegi. Þetta speglast í þeirri staðreynd, að Íslendingar ná 40 % meiru út úr hverju veiddu

Þorskkílóí en Norðmenn, sem þó eru sannarlega sjávarútvegsþjóð á heimsmælikvarða. Þarna eigum við semsagt heimsmet!

Þó framtíðin sé björt eru samt sker sem þarf að stýra framhjá.

Við vitum það að makríldeilan truflar. Þar hafa stjórnvöld haldið fast utan um íslenska hagsmuni. Evrópuþingmenn úr makrílkjördæmum hafa farið mikinn. Í sjávarútvegsnefnd Evrópuþingsins voru samþykktar mjög harðar tillögur um viðskiptaþvinganir sem fólu í sér að það átti bókstaflega að vera hægt að banna innflutning á öllu sem nokkru sinni hefur blakað sporði í sjó. Gegn þessu hafa íslensk stjórnvöld barist af mikilli hörku. Það hefur verið eitt helsta viðfangsefni okkar í utanríkisráðuneytinu um langt skeið – í afar góðu samstarfi við hið nýja atvinnuvegaráðuneyti og forvera þess. Við höfum rætt við hvert einasta ríki innan sambandsins, ég hef sjálfur rætt við þá utanríkisráðherra sem skipta máli, suma margoft, og Steingrímur við marga kollega sína. Þetta hefur þar að auki verið ótal sinnum rætt á fundum milli æðstu embættismanna okkar og þeirra. Niðurstaðan, sem kom út úr samráði framkvæmdastjórnarinnar bar þess merki. Hún var miklu skaplegri en upp var lagt með. Ég tel að okkur hafi tekist að nudda út flestum verstu ákvæðunum.

Það breytir ekki hinu, að makrílhagsmunir úti í Evrópu kunna að magna allan þann seið á hendur okkur sem þeim er fært meðan deilan er óleyst. Eitt af því sem hefur grillt í, er til dæmis að beita ýmsum samtökum gegn okkur með því að höfða til neytenda um að sneiða hjá íslenskum fiskafurðum vegna stöðunnar í makríl. Utanríkis- og

atvinnuvegaráðuneytið eru búin undir þetta. Við höfum fengið til liðs við okkur almannatenglafyrirtæki í Evrópu, sem fylgist með öllum hræringum af þessum toga, og hefur skipulagt forvarnarstarf, sem þegar er hafið, og felst í því að málstað okkar verður skipulega komið á framfæri við helstu keðjurnar, sem selja íslenskar fiskafurðir. Í þessu efni standa því stjórnvöld dyggan vörð, í samráði við greinina sjálfa, um íslenskan sjávarútveg.

Hitt sem ég vildi taka upp er nauðsyn þess að við, stjórnvöld og greinin, tökum upp samstarf um aukna sameiginlega markaðasetningu á Íslandi á fiskmörkuðum erlendis. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Við horfum fram á gríðarlega þorskgengd í Barentshafi sem hefur leitt til þess að kvóti Rússa og Norðmanna á þorski var fyrir þetta ár aukinn um meira en nemur öllum þorskafli á Íslandi. Þetta þýðir það eitt, að við getum gert ráð fyrir miklu harðari samkeppni á mörkuðum en við höfum átt í áður. Eina leiðin til að bregðast við því er með stóraukinni markaðassókn, og með því að markaðssetja Ísland sem sérstakt gæðamerki. Sennilega hefur því aldrei verið jafn mikil þörf og nú á skipulögðu átaki fyrir íslenskan sjávarútveg á mörkuðum erlendis.

Í þessu efni hafa Norðmenn verið okkur miklu fremri. Ég þekki vel úr starfi mínu sem utanríkisráðherra hvernig þeir fara að. Þeir Norðmenn hafa sérstakt öflugt opinbert hlutafélag, fjármagnað með gjaldi á útveginn, sem á þessu ári ver 9 milljörðum íslenskra króna til áróðurs fyrir norskan sjávarútveg. Ráðið skipuleggur milli 500 - 600

markaðsverkefni í samvinnu við norsk sjávarútvegsfyrirtæki á hverju ári. Hjá því starfa 100 starfsmenn í 12 löndum að sameiginlegri markaðssetningu, markaðsupplýsingum, markaðssamskiptum, ímyndarvörnum og almannatengslum.

Með höfðatöluaðferðinni má finna út að til að komast í samjöfnuð við Norðmenn ættum við að vera með að minnsta kosti 7 manna sérsveit í 30 – 40 markaðsverkefnum tengdum sjávarútvegi á ári og verja til þess milli 500 til 600 milljónum króna.

Af hálfu okkar atvinnuvegaráðherra er fullur vilji til að taka höndum saman með greininni til að sveifla okkur saman í öflugt markaðsátak fyrir íslenskan sjávarútveg.

Við höfum dæmin fyrir augunum um einstakan góðan árangur af samstarfi stjórnvalda og ferðaþjónustunnar, þar sem áfalli vegna eldgosa var snúið í markaðssókn undir merkjum *Inspired by Iceland*. Næsta stórverkefni sem þarf að ráðast í er sameiginleg markaðssetning fyrir íslenskan sjávarútveg.

Sjávarútvegslandið Ísland þarf á sókn að halda til að treysta og bæta stöðu sína á mörkuðum erlendis.